

**Ed.**

**138. Nefndarátt**

um frv. til laga um breytingu á lögum um dýraverndun, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rætt þetta frv. á nokkrum fundum og orðið ásátt um að ráða háttv. deild frá því að samþykkja það.

Samkvæmt nágildandi lögum getur ríkisstjórnin sett reglur um slátrun búpenings á slátrunarhúsum almennings, og mun það vera orðin aðalregla að deyða skepnurnar á slíkum stöðum með skoti, sem þykir betri deyðingaraðferð en skurður eða stingur. Það, sem einkum á að vinnast með frv. því, sem hjer ræðir um, er það, að hálsskurður, sem nú tíðkast mest til sveita, verði lagður niður og í stað hans komi skot eða rothögg til deyðingar. Að fyrirskipa skot alment til dráps búpenings virðist nefndinni varhugavert. Af því mundi stafa á aðra hlið fjölgun skotvopna í landinu, og líklega um leið auknar fuglaveiðar og vaxandi drápgirni yfirleitt, og á hina töluverð slyshætta fyrir þá, sem deyðingu skepnanna hafa á hendi. Og að rothögg sje betri deyðingaraðferð en skurður, er mjög vafasamt. Rothöggin geta mistekist hjá þeim, sem ekki eru því æfðari, og eru

þá að eins til þjáningarauka. Að frv. geti leitt til mannúðlegri aðferða við fugla-  
veiðar, er líka vafasamt. Og um Drangeyjarveiði, sem frv. miðast við að nokkru  
leyti, gildir nú að sögn sýslusamþykt, sem tæplega verður breytt með svona lagaboði.

Alþingi, 22. mars 1922.

Sigurjón Friðjónsson,  
form. og ritari.

S. H. Kvaran,  
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson.